

Frumvarp til laga fyrir
LEIÐSÖGN - Félag Leiðsögumanna í ferðapjónustu

I. KAFLI

Nafn félagsins, hlutverk og félagsaðild

1. gr. Nafn

Félagið heitir Leiðsögn - félag leiðsögumanna í ferðapjónustu. Félagssvæði þess er allt landið og heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagið er aðili að Alþýðusambandi Íslands.

2. gr. Hlutverk

Félagið er samstarfsvettvangur leiðsögumanna í ferðapjónustu á Íslandi og stéttarfélag þeirra sem starfa við leiðsögn ferðamanna á Íslandi svo og fararstjórn og hópstjórn hérlendis og erlendis.

Tilgangur félagsins er:

- a) Að sameina innan sinna vébanda alla þá sem starfa við leiðsögn í ferðapjónustu hér á landi svo og við fararstjórn og hópstjórn hérlendis og erlendis.
- b) Að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, svo sem með því að semja um kaup og kjör þeirra, aðbúnað við vinnu og gæta þess að ekki sé gengið á lagalegan og samningsbundinn rétt þeirra.
- c) Stuðla að aukinni menntun og starfshæfni félagsmanna, í skólum og á námskeiðum og vinna að því að koma á menntunarmatskerfi fyrir leiðsögumenn með það fyrir augum að menntun fyrir leiðsögumenn verði í samræmi við evrópskar og alþjóðlegar viðmiðanir og að koma á raunfærnimati fyrir þá sem ekki uppfylla formleg menntunarskilyrði.
- d) Að vinna að góðri umgengni um landið og stuðla að bættu öryggi ferðamanna.
- e) Að kynna störf leiðsögumanna og koma fram fyrir þeirra hönd á opinberum vettvangi hér á landi og erlendis.
- f) Að setja siðareglur og gæðastaðla fyrir þá sem starfa að leiðsögn í ferðapjónustu á Íslandi.

3. gr. Félagsaðild

Rétt til aðildar að Leiðsögn eiga;

- a. allir sem starfa að leiðsögn, fararstjórn og hópstjórn í ferðapjónustu á Íslandi eða á vegum íslenskra fyrirtækja erlendis,
- b. greiða félagsgjöld til félagsins í samræmi við lög þess,

- c. og standa ekki í óbættum sökum við félagið eða önnur stéttarfélög innan Alþýðusambands Íslands.

Félagsmenn, sem missa starf sitt á vinnumarkaði, geta áfram verið félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til félagsins.

Félagar, sem látið hafa af störfum við leiðsögn, geta verið áfram félagsmenn gegn greiðslu lágmarksfélagsgjalds skv. 6. gr. þó án þess að njóta kjörgengis í félaginu eða atkvæðisréttar um kjarasamninga. Skulu þeir hafa verið félagsmenn óslitið í 3 ár áður en þeir láta af leiðsögustörfum.

Réttindi félagsmanna samkvæmt 2. og 3. mgr. í sjóðum félagsins eru háð nánari reglum einstakra sjóða Leiðsagnar.

4. gr. Einyrkjar

Rétt til aðildar eiga jafnframt sjálfstætt starfandi einyrkjar í verktöku við leiðsögn, sem ekki hafa launaða starfsmenn í vinnu. Einyrkjar hafa ekki atkvæðisrétt um kjarasamninga.

5. gr. Innganga í félagið

Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðnum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild nýrra félagsmanna að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins árlega og skal félagið senda viðkomandi staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 30 daga frá dagsetningu staðfestingarinnar telst hann orðinn félagsmaður. Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar ef viðkomandi hefur áður greitt til félagsins.

Um iðgjöld félagsmanna skv. 1. mgr., gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma.

Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs.

Nýjum sjálfstætt starfandi félögum skv. 4. gr. sem óska aðildar að félaginu er skylt að veita upplýsingar um starfssvið, áætlaðar tekjur og gögn frá opinberum aðilum til staðfestingar á tekjum sé þess óskað.

6. gr. Félagsgjöld

Allir félagar skulu greiða ákveðinn hundraðshluta af launum fyrir ferðaleiðsögn í félagssjóð. Launagreiðendur draga þetta gjald af launum leiðsögumanns í samræmi við kjarasamninga og skila því til félagsins, en sjálfstætt starfandi standa skil á þeim gjöldum sjálfir

Aðalfundur ákveður hlutfall félagsgjaldsins á hverju ári. Lágmarksgjald til að öðlast félagsaðild og halda henni samsvarar félagsgjaldi af launum samkvæmt lægsta taxta félagsins fyrir 15 daga vinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir aðalfund hverju sinni.

Félagar í fagdeildum sbr. 7. gr. greiða að auki fast árgjald til sinnar fagdeildar. Fjárhæð fagdeildargjalds og skipting þess milli verkefna fagdeildar og félagsins skal ákveðin á aðalfundi samhliða ákvörðun félagsgjalds.

7. gr. Fagdeildir

Innan Leiðsagnar starfa fagdeildir fyrir leiðsögumenn með nánar tiltekna menntun í leiðsögn, réttinda sem krafist er, tegund leiðsagnar eða annað það sem nánar er tiltekið í reglum um þær. Aðild að félaginu getur að óskum viðkomandi félaga falið í sér aðild að einni eða fleiri fagdeild. Stjórn félagsins setur reglur um fagdeildir félagsins, aðild að þeim og starfsemi þeirra.

Fagdeildir félagsins njóta þjónustu félagsins og skrifstofu þess vegna starfsemi og bókhalds eftir því sem nánar er ákveðið í reglum um þær.

Deildirnar skulu vera samstarfsvettvangur fyrir þá sem í þeim eru og gæta sérhagsmuna þeirra. Deildarfélagar kjósa sér þriggja manna stjórn sem skipuleggur starfsemi deildarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart stjórn félagsins. Formaður fagdeildar skal eiga sæti í trúnaðarráði.

Þeir, sem óska eftir aðild að fagdeildum skulu senda félaginu skriflega umsókn þar um. Umsókn skal fylgja staðfesting á prófi frá skóla um menntun í ferðaleiðsögn eða öðrum sviðum og/eða staðfesting stofnunar á réttindum eða öðru því sem umsóknin miðast við.

8. gr. Merki félagsins.

Merki félagsins, í hvaða mynd sem er, er eign þess. Einungis félögum Leiðsagnar er heimilt að bera það í samræmi við þær reglur sem um það gilda. Hvorki er leyfilegt að endurrita félagsmerkið til annarra nota, né sauma það í fatnað eða höfuðföt, án skriflegs leyfis félagsins. Fyrirtæki sem eingöngu eru með félagi í Leiðsögn í starfi við ferðaleiðsögn er heimilt að fengnu samþykki stjórnar félagsins að hafa félagsmerki þess í kynningu á leiðsögumönnum sínum enda sé það gert skv. reglum um notkun merkisins.

Stjórn félagsins setur reglur um notkun og gerð á merki félagsins.

II. KAFLI

Réttindi og skyldur félagsmanna

9. gr. Réttindi félagsmanna.

Félagar í Leiðsögn hafa, nema önnur ákvæði laga þessara eða einstakra sjóða mæli fyrir um annað:

- a) málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt á félagsfundum svo og kjörgengi til embætta og trúnaðarstarfa fyrir félagið. Atkvæðisrétt um kjarasamninga og verkfallsboðun hafa þeir einir sem greitt hafa a.m.k. fjórfalt lágmarksgjald til að öðlast félagadild sbr. 6. gr.
 - b) rétt til að bera merki félagsins við vinnu sína í samræmi við lög félagsins og reglur sem stjórn þess setur.
 - c) rétt til að skrá sig á lista yfir leiðsögumenn sem Leiðsögn útbýr og birtir.
 - d) rétt á greiðslum úr sjóðum félagsins svo sem nánar er kveðið á um í reglugerðum sjóðanna.
- Allir félagsmenn eiga rétt til aðstoðar félagsins vegna vanefnda atvinnurekenda á kjarasamningum.

10. gr. Skyldur

Skyldur félagsmanna eru:

- a) að hlýða lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og samningum þess.
- b) að greiða tilskilin gjöld til félagsins.
- c) að bera merki félagsins við vinnu sína.

11. gr. Brottvikning/áminning

Ef félagsmaður er talinn brjóta gegn lögum félagsins eða vinna gegn hagsmunum þess skal málið tekið fyrir á stjórnarfundum sem ákveður með einföldum meirihluta hvort veita skuli áminningu eða svipta hann réttindum félagsmanns. Skjóta má þeim úrskurði til félagsfundar.

III. KAFLI.

Stjórn, trúnaðarráð og nefndir

12. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð 7 aðalmönnum, formanni og sex öðrum, sem kosnir eru á aðalfundi. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn, en aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til þriggja ára - tveir í senn. Stjórn skiptir með sér verkum varaformanns, ritara og gjaldkera á fyrsta fundi eftir aðalfund. Kosning skal vera hlutfallskosning.

Trúnaðarráði félagsins er heimilt að ákveða að formaður skuli kjörinn í allsherjaratkvæðagreiðslu. Fari slík atkvæðagreiðsla fram, skal henni lokið fyrir upphaf aðalfundar og úrslit kynnt á aðalfundi.

13. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda. Hún ræður starfsmenn félagsins, ákveður laun þeirra og vinnuskilyrði.

Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á eignum og sjóðum félagsins sem og rekstri skrifstofu þess. Hún annast kynningu á starfsemi félagsins fyrir félagsmenn og almenning.

Stjórnin boðar til félagsfunda og aðalfundar.

Stjórn félagsins er skylt að fara að lögum félagsins og ályktunum meirihluta félagsmanna á löglega boðuðum félagsfundum. Samþykki félagsfundur ályktun, sem telst hafa víðtæk áhrif á starfsemi félagsins, er stjórn heimilt að vísa henni til allsherjaratkvæðagreiðslu innan mánaðar frá samþykkt hennar. Við undirbúning allsherjaratkvæðagreiðslu skal þess gætt, að greinargerðir flytjenda samþykktra ályktunartillagna verði birtar með kjörgögnum.

Stjórn félagsins skal sjá til þess að allt er varðar sögu þess sé sem best varðveitt.

Láti félagsmaður af trúnaðarstörfum er hann gegnir fyrir félagið er honum skylt að skila af sér öllum gögnum er trúnaðarstörf hans varða.

14. gr. Formaður

Formaður er framkvæmdastjóri félagsins. Formaður kallar saman stjórn. Formanni er skylt að kalla saman stjórn óski a.m.k. tveir stjórnarmenn eftir því. Formaður undirritar gerðabækur félagsins og gætir þess að allir stjórnarmenn geri skyldu sína. Formaður hefur eftirlit með starfsemi félagsins og því að lögum þess og samþykktum sé fylgt í öllum greinum. Varaformaður gegnir öllum störfum formanns í forföllum hans.

15. gr. Ritari

Ritari ber ábyrgð á að gerðabækur félagsins séu haldnar og færðar í þær allar fundagerðir og lagabreytingar. Hann undirritar gerðabækur ásamt formanni. Ritari ber ábyrgð á birtingu fundargerða félags- og stjórnarfunda á vefsíðum félagsins innan 10 daga frá hverjum fundi.

16. gr. Gjaldkeri

Gjaldkeri er ábyrgur fyrir eftirliti með bókhaldi, fjárreiðum og innheimtu félagsgjalda. Gjaldkeri skal hafa umsjón með stöðumati einstakra félagsmanna og reikna út punktastöðu þeirra og uppfæra í félagatali fyrir aðalfund ár hvert.

17. gr. Trúnaðarráð

Í trúnaðarráði eiga sæti stjórn félagsins, sex félagsmenn og jafn margir varamenn og einn fulltrúi hverrar starfandi fagdeildar.

Trúnaðarráð er samninganefnd félagsins og skal jafnframt vera stjórn til ráðgjafar og aðstoðar í almennum málefnum félagsins og kjaramálum. Trúnaðarráð félagsins skal fylgjast náið með launaþróun og breytingum á vinnumarkaði.

Formaður félagsins er formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.

Formaður kveður trúnaðarráð til fundar með þeim hætti sem hann telur best henta og er trúnaðarráðsfundur lögmætur þegar meirihluti ráðsins sækir fundinn.

Formaður getur í nafni félagsstjórnar kallað saman trúnaðarráð stjórninni til aðstoðar þegar ýmis félagsleg vandamál ber að höndum og ekki eru tók á að ná saman félagsfundi og ræður einfaldur meirihluti úrslitum í slíkum málum.

Trúnaðarráð getur kosið/tilnefnt kjaranefnd.

18. gr. Fræðslu- og skólanefnd

Innan félagsins starfar fræðslu- og skólanefnd skipuð fimm félagsmönnum, hún kýs sér formann á sínum fyrsta fundi. Nefndin skal kosin á aðalfundi félagsins til tveggja ára. Hlutverk hennar er að annast fræðslustarf félagsins fyrir leiðsögumenn og að annast samstarf við skóla sem kenna leiðsögn ferðamanna, koma álitum leiðsögumanna á menntunarmálum til skila og vera tengiliður milli félagsins og skólanna. Nefndin efnir til fræðslufunda og námskeiða og birtir fræðsluefni og hagnýtar upplýsingar á heimasíðu félagsins.

Nefndin skipar fulltrúa úr sínum röðum í ráðgjafa- og/eða skólanefnd ofangreindra skóla, eftir því sem óskað er. Hún starfar í nánú samstarfi við stjórn Leiðsagnar og skilar stjórn yfirliti yfir starf sitt svo oft sem þurfa þykir en að lágmarki einu sinni að vetri og einu sinni að vori.

IV. KAFLI.

Fundir og kjör í trúnaðarstöður

19. gr. Félagsfundir

Félagsfundir skulu haldnir þegar félagsstjórn telur þess þörf eða minnst 20 félagsmenn óska þess skriflega við stjórn félagsins og tilgreina fundarefni. Boða skal til fundarins innan tveggja vikna frá því að slík beiðni berst. Fundir skulu boðaðir með minnst þriggja daga fyrirvara með tölvupósti en bréflaga til þeirra sem ekki hafa gefið upp netfang. Einnig skal birta auglýsingu á heimasíðu félagsins. Fundi í sambandi við vinnudeilur má boða með skemmri fyrirvara.

Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Verði ágreiningur um fundarsköp úrskurðar fundarstjóri hverju sinni með rökstuddum úrskurði. Óski félagsmaður eftir skriflegri atkvæðagreiðslu á félagsfundi er fundarstjóra skylt að verða við þeirri ósk. Í

atkvæðagreiðslum á fundum félagsins ræður einfaldur meirihluti atkvæða nema lög kveði á um annað.

20. gr. Allsherjaratkvæðisgreiðsla

Allsherjaratkvæðagreiðsla skal fara fram;

- a) þegar stjórn og trúnaðarráð telja mál svo mikilvæg að rétt sé að hafa slíka afgreiðslu,
- b) þegar greiða þarf atkvæði um verkfallsboðun nema verkfalli sé einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til,
- c) þegar greidd eru atkvæði um aðalkjarasamning félagsins,
- d) og þegar mælt er fyrir um allsherjaratkvæðagreiðslu skv. lögum ASÍ.

Framkvæmd alsherjaratkvæðagreiðslu fer þá samkvæmt lögum og reglugerð ASÍ.

21. gr. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu 1. mars til 1. maí ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með dagskrá á vefsíðu félagsins með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Til fundarins skal jafnframt boðað með tölvupósti en bréflega til þeirra sem ekki hafa gefið upp netfang og er hann lögmaður ef löglega er til hans boðað.

Á hverjum aðalfundi skal liggja frammi endurskoðuð félagaskrá og skrá yfir félag einstakra fagdeilda. Félagaskrá skal vera fjölríttuð eða prentuð.

Stjórn félagsins skal auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður einum mánuði fyrir aðalfund ár hvert.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar fyrir aðalfund og skal tillögum skilað til skrifstofu Leiðsagnar innan þess tíma. Framboð verði send út með fundarboði aðalfundar eigi síðar en einni viku fyrir aðalfund. Kjósa skal stjórn og trúnaðarmannaráð á aðalfundi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund.

22. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla félagsstjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningar félagsins, áritaðir af löggiltum endurskoðanda, lagðir fram til afgreiðslu.
3. Tillögur um lagabreytingar ef fyrir liggja.
4. Drög að fjárhagsáætlun skal lögð fram og tillaga um félagsgjald og fagdeildargjald.
5. Kosning formanns eða lýsing formannskjörs.
6. Kosning til stjórnar og trúnaðarráðs og kosning fulltrúa í fræðslu- og skólanefnd og aðrar trúnaðarstöður.
7. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna reikninga til tveggja ára.

8. Önnur mál.

V. KAFLI

Sjóðir og fjármál

23. gr. Sjóðir

Sjóðir félagsins skulu vera:

1. Félagssjóður.
2. Sjúkrasjóður.
3. Endurmenntunarsjóður.

Svo og aðrir sjóðir sem stofnaðir kunna að verða.

Allir sjóðir félagsins aðrir en félagssjóður skulu hafa sérstaka reglugerð samþykkt á aðalfundi. Reglugerðum sjóða má aðeins breyta á aðalfundi. Reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, hverjar tekjur hans skulu vera, hvernig verja skuli fé hans og hvernig honum skuli stjórnað.

Ofantaldir sjóðir greiða allan kostnað af starfsemi félagsins.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir á tryggan hátt í ríkisskuldabréfum eða í ríkistryggðum skuldabréfum, í bönkum, í sparisjóðum og skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign. Við meiriháttar ráðstafanir á eignum félagsins þarf samþykki félagsfundar.

24. gr. Reikningsár

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

25. gr. Endurskoðun.

Tveir félagskjörnir skoðunarmenn reikninga, sem kosnir eru á aðalfundi skulu yfirfara reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og gera athugasemdir við þá. Auk athugunar hinna félagskjörnu skoðunarmanna er stjórn skylt að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga og fjárreiður félagsins í lok hvers reikningsárs. Endurskoðaðir reikningar félagsins og sjóða þess skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins í a.m.k. í þrjá daga fyrir aðalfund.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

26. gr. Heiðursfélagar og gullmerki félagsins.

Heiðursfélagar geta þeir félagsmenn orðið, sem unnið hafa lengi fyrir félagið eða gegnt þýðingarmiklum trúnaðarstörfum fyrir stéttina. Trúnaðarráð útnefnir heiðursfélaga, enda sé það gert með samhljóða atkvæðum. Einnig geta 15 félagsmenn gert tillögu um heiðursfélaga og skal hún lögð fyrir trúnaðarráð til afgreiðslu. Heiðursfélagar skulu vera undanþegnir gjaldskyldu til félagssjóðs og kjörskyldu til trúnaðarstarfa, en eru háðir ákvæðum laga þessara að öðru leyti.

Stjórn og trúnaðarráð getur að auki afhent þeim aðila gullmerki félagsins sem hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið og ferðaþjónustuna í landinu. Stjórn félagsins ákveður hvenær og á hvern hátt afhending gullmerkis fer fram.

27. gr. Félagsslit

Félaginu verður ekki slitið nema félagssfundur samþykki tillögu þar um og a.m.k. $\frac{3}{4}$ félagsmanna samþykki það að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu og skal henni hagað skv. reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Allsherjaratkvæðagreiðsla skal fara fram innan þriggja mánaða frá því að félagssfundur samþykkir tillögu um félagsslit en þó aldrei fyrr en nefnd skv. 3. mgr. hefur lokið störfum.

Komi fram tillaga um slit félagsins skal trúnaðarráð þegar í stað skipa nefnd þriggja félagsmanna auk lögfræðings og löggilts endurskoðanda er komi fram með tillögu um ráðstöfun eigna félagsins við félagsslitin. Nefndin skal ljúka störfum innan tveggja mánaða frá skipun.

Greiða skal atkvæði um tillögu nefndarinnar jafnhliða tillögu um félagsslit.

28. gr. Úrsögn

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg. Hún skal afhent formanni félagsins eða skrifstofu ásamt félagsskírteini og merki félagsmanna.

Enginn getur fengið samþykka úrsögn úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst og þar til vinnustöðvuninni hefur verið formlega aflýst.

29. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði.

Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist til skrifstofu félagsins fyrir 15. febrúar og skulu þær sérstaklega kynntar á heimasíðu félagsins og fylgja aðalfundarboði.

Til þess að lagabreytingar nái fram að ganga skulu þær hljóta samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna.

Lagabreytingar taka gildi að fenginni staðfestingu miðstjórnar ASÍ.

30. gr. Úrsögn úr ASÍ

Um úrsögn úr ASÍ fer skv. lögum ASÍ.

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins, 29. mars 2017. Samhliða falla úr gildi í heild sinni eldri lög félagsins.